

Innsigli Guðs og merki Satans

Blekingarmáttur Satans verður æ skýrari þegar við rekjum verk hans gegn Guði og fólki hans. Dirfska hans við að freista þess að eyðileggja heilög lög Guðs náði hámarki í því að reyna að breyta fjórða boðorðinu með því að gera sunnudaginn að hvíldardegi í stað laugardags, en þessi breyting hefur blekkst fjölda fólks. Þetta málefni hlýtur að verða miðpunktur mikillar deilu á hinum síðustu dögum þegar Satan reynir að afvegaleiða „hina útvöldu.“

1. Í hvaða tvo hópa hefur mannkynið skiptst í við lok veraldar? Matteus 13.47-49

2. Hvernig verður fólk Guðs aðgreint frá hinum vondu? Opinberunarbókin 7.1-3

3. Hvað eru boðorðin tíu kölluð? 2 Mósebók 34.28 _____

4. Hvað er sáttmáli hvíldardagsins kallaður? 2 Mósebók 31.12-17 _____

5. Er sáttmáli hvíldardagsins einungis fyrir Ísraelsmenn? Jesaja 56.1-8 _____

6. Hvar eiga löggin eða sáttmálinn að vera rituð? Hebreabréfið 10.16 _____

Ath. Lögmálið er innsiglað á fólk Guðs eða ritað í hugskot þeirra. Í fremsta hluta heilans, enninu, er aðsetur hugsana. Við höldum lögmál eða sáttmála Guðs í huga okkar.

7. Á hvaða grundvelli biður Guð um tilbeiðslu okkar og hlýðni? Jesaja 40.25-26; Jeremía 10.10-12; Sálmarir 96.5 _____

8. Hvaða dagur er minnimerki um sköpunarmátt Guðs? 1 Mósebók 2.1-3

*Ath. Guð mun **innsigla** lög sín í huga lærisveina sinna. Innsigli táknar vald. Þar sem Guð er skaparinn ríkir hann yfir sköpun sinni. Guð setur **innsigli** eða minnimerki um sköpunina á sjöunda daginn, hvíldardaginn.*

9. Af hverju er hvíldardagsboðorðið notað sem innsigli til að aðgreina hina sönnu fylgjendur? Esekíel 20.12, 20 _____

Ath. Við hvílumst á hvíldardeginum til minningar um sköpunina og frelsun okkar. Hann sem er skaparinn er einnig skapari heilagleika okkar. Við getum ekki verið heilög án Guðs. Þetta er í beinni mótsögn við trúarbrögð sem kenna að frelsun fáiast

21-2

fyrir sakramenti eða góðverk. Þegar við hvílumst á hvíldardegi Guðs þá hvílumst við í fullkomnu og fullgerðu frelsunarverki Guðs okkur til handa. Frelsun fæst eingöngu fyrir náð (óverðskuldaður greiði Guðs) og við getum ekkert gert til að ávinna hana.

10. Hvernig eru hinir „heilögu“ eða fólk Guðs aðgreint frá hinum vondu?

Opinberunarbókin 14.12 _____

Ath. Fólk Guðs hlýðir sáttmála hans og lögum fyrir mátt Heilags Anda sem býr hið innra með þeim. Satan reynir að falska hvern þann sannleik sem Guð hefur opinberað. Rétt eins og Guð er heilög þrenning á Satan „vanheilaga þrenningu“ sem mun koma fram á hinum allra síðustu tímum. Í þessu verkefni og hinum síðari munum við rannsaka hverjir þeir þrír aðilar eru sem mynda hana.

11. Lýstu dýrinu sem Jóhannes sá. Opinberunarbókin 13.1-2

- a. ____ horn ____ höfuð b. Hvaða nöfn voru á hverju höfði? _____
c. Dýrið líktist _____ d. Fætur líktust: _____
e. Munnurinn líktist _____ e. Hver gaf dýrinu vald? _____

Ath. Í Biblíunni merkir guðlast að gera sjálfan sig jafnan eða æðri Guði og þetta dýr er að upphefja sjálft sig.

12. Hver er dýrið? Opinberunarbókin 12.9 _____

Ath. Til þess að ráða fram úr því hver eða hvað dýrið er þurfum við að skoða spádóma Daníelsbókar. Daníelsbók er sú bók Gamla testamentisins sem fjallar um endalokin og Opinberunarbókin er bókin í Nýja testamentinu sem fjallar um sama efni. Daníelsbók varpar ljósi á Opinberunarbókina og Opinberunarbókin útlistar nánar Daníelsbók. Það þarf að rannsaka þær í ljósi hvor annarrar.

13. Hvað sá Daníel stíga upp af hafinu? Daníel 7.2-3 _____

14. Hvað táknar dýrið? Daníel 7.17, 23 _____

15. Hvað táknar „hafid“? Opinberunarbókin 17.15 _____

Ath. Í 2. kafla Daníelsbókar opinberar Guð fyrir munn Daníels spámanns að eftir fall Babýlonar myndu koma þrjú veldi hvert á eftir öðru. Fjórða konungsríkið, Róm, myndi sundrast. Í sjöunda kaflanum tekur Daníel fram að fjórða ríkið myndi skiptast í tíu minni ríki. Þetta var staðfest þegar Rómaveldi sundradist. 7. kafli Daníelsbókar segir frá fjórum konungsríkjum sem koma hvert á fætur öðru og það er greinilegt að þessi spádómur er hliðstæður spádóminum í 2. kafla Daníelsbókar. Þar sem Guð tilgreinir fyrsta konungsríkið í Daníel 2. kafla sem Babýlon, vitum við að næstu þrjú hljóta að vera Medar og Persar, Grikkland og Róm.

Þessi dýr koma upp af hafinu, eða á mjög fjölmennu svæði. Daníel sá sterka vinda róta upp hafinu. Vindar tákna átök og stríð (Jeremía 49.36-37). Stríð og átök mörkuðu

21-3

uppgang og feril allra þessara heimsvelda. En því er öðruvísi farið með pardusdýrið sem steig upp af hafinu í Opinberunarbókinni 13. kafla, en þar eru engir vindar nefndir því það **fékk** vald sitt frá Satan.

16. Hve mörg horn hafði þetta dýr? Opinberunarbókin 13.1 _____

Ath. Þessi tíu horn eru sömu ríki og tærnar tíu á styttunni í 2. kafla Daníelsbókar þar sem talað er um skiptingu rómverska heimsveldisins. Tíu barbarahjóðir rufu langa járnstjórn Rómverja. Þessir tíu þjóðir ríktu um tíma og þrír þeirra voru algjörlega upprættar. Hinar sjö eru forverar Vestur-Evrópu nútímans. Dýrið í Opinberunarbókinni 13. kafla er sama veldi og talað er um í öðrum og sjöunda kafla Daníelsbókar.

17. Hvað hefur „litla hornið“ vald til að gera? Daníel 7.19-25

- „Augu og munn, er talaði _____“
- „Háði _____ við hina _____ og hafði _____ yfir þeim“
- „Mæla gegn _____“
- „_____ hina heilögu“
- „Hafa í hyggju að _____ og _____“

Ath. Þetta vald rís upp **eftir** klofningu Rómaveldis. Vald þessa litla horns myndi verða ólíkt hinna tíu. Þau höfðu pólitísk vald, en það myndi hafa **trúarlegt vald**. Þetta þóttafulla vald er það sama og dýrið sem kom upp af hafinu í 13. kafla Opinberunarbókarinnar. Þetta litla horn er páfadómur.

Tökum saman það sem sagt er um vald páfadómsins eins og hann er skilgreindur í Daníel 2. og 7. kafla og Opinberunarbókinni 13. kafla.

- Litla hornið komst til valda meðal hornanna tíu, þ.e. í Vestur Evrópu (Daníel 7.8).
- Þetta litla horn reis upp einhvern tímann eftir 476 e.Kr. (Daníel 7.8). Ef það reis upp meðal hornanna tíu þá hlýtur það að vera eftir að þau komu fram á sjónarsviðið. Tíu hornin höfðu skipt með sér rómverska heimsveldinu árið 476 e.Kr.
- Litla hornið sleit upp þrjú af tíu hornunum þegar það var að komast til valda (Daníel 7.8).
- Höfuð litla hornsins er maður sem talar fyrir munn þess, mannlegur leiðtogi sem býr yfir valdi þess (Daníel 7.8).
- Litla hornið hefur vald sem er ólíkt valdi hornanna tíu (Daníel 7.24).
- Litla hornið mun orð mæla eða guðlasta gegn Guði (Daníel 7.25). Samkvæmt Biblíunni er það guðlast þegar maður álitur sjálfan sig vera Guð (Jóhannes 10.30-33) og eða segist geta fyrirgefið syndir. (Markús 2.5-7).
- Litla hornið notar vald sitt til þess að kúga fólk Guðs. Þetta vald ofsækir (Daníel 7.25).
- Litla hornið mun hafa í hyggju að breyta lögum Guðs (Daníel 7.25).

21-4

Samantekt: Heimurinn er hratt að skiptast í tvær fylkingar undir valdi Guðs eða Satans. Að ákveða að fylgja Kristi mun hafa mótletti í för með sér en einnig innri frið og eilíft líf. Biblían er skýr varðandi fyrirætlanir Satans. Það sjáum við betur í næsta verkefni.

Svör við nr. 21

Spurning 1 – Vondir og réttlátir

Spurning 2 – Þeir fá innsigli Guðs

Spurning 3 – Sáttmáli

Spurning 4 – Ævinlegur sáttmáli

Spurning 5 – Nei

Spurning 6 – Í hjarta og huga okkar

Spurning 7 – Sem skapari okkar

Spurning 8 – Sjöundi dagurinn sem er hvíldardagurinn

Spurning 9 – Helgunin eða heilagleikinn kemur einungis frá Guði

Spurning 10 – Þeir hlýða boðorðum Guðs og hafa trú Jesú

Spurning 11 – a. 10, 7 b. guðlöstunar nöfn c. pardusdýri d. birni e. ljóni f. drekinn

Spurning 12 – Satan

Spurning 13 – Fjögur dýr

Spurning 14 – Konungsríki

Spurning 15 – Lýðir, fólk, þjóðir og tungur

Spurning 16 – Tíu

Spurning 17 – a. gífuryrði b. stríð... heilögu ... sigur c. hinum hæsta d. kúga
e. umbreyta helgítíðum... lögum